

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. október 2014  
Tilvísun: UST20141000047/ksj

### Lýsing. Deiliskipulag fyrir Geysissvæðið í Haukadal.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Geysissvæðið. Fram kemur í greinargerð að afmörkun væntanlegs deiliskipulags verði hverasvæðið umhverfis Geysi og Strokk, en að athugunarsvæði/áhrifasvæði deiliskipulagsins muni taka til stærra svæðis. Markmið með deiliskipulagstillögu er að bæta aðgengi og frágang á umhverfi Geysissvæðisins sem hefur látið á sjá, og mun áætlað deiliskipulag sýna áform um uppbyggingu stíga og áningarstaða á hverasvæðinu, aðkomu að svæðinu og tengingu við þjónustukjarna.

### Áhrifa- og umhverfisþættir


Í greinargerð kemur fram listi yfir þá umhverfisþætti sem áætlað er að geti orðið fyrir umhverfisáhrifum vegna skipulagsáætlunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að auk þess að skoða m.a. umhverfisáhrif á jarðmyndanir sé mikilvægt einnig að skoða áhrif á hverina.


### Umhverfisviðmið

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allt frárennsli á svokölluðu áhrifasvæði umhverfis Geysi sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ m.s. br., bæði vegna nálægðar við hverasvæðið og einnig þar sem mikilvægt votlendi með auðugu fuglalífi er sunnan við áhrifasvæðið.

Að gefnu tilefni bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að auk ofangreindrar lýsingar verði sjálf deiliskipulagstillagan send til umsagnar til stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri